

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)
5. apríl 2017 Þingskjal 419 – 307. mál Umhverfisstofnun

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fagnar því skrefi sem hér er stigið í þá átt að tryggja sveitarfélögum tekjur til að standa straum af kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af fjölgun ferðamanna. Í ályktun aðalfundar SSA frá því í október 2016 um gjaldtöku af ferðamönnum segir m.a.: „Fundurinn skorar á stjórnvöld að tryggja sveitarfélögum sanngjarnan hlut af tekjum ferðapjónustunnar svo þau geti staðið straum af skipulagsvinnu í tengslum við ferðamannastaði og jafnframt uppbyggingu slíkra staða og innviða samfélaganna. Þetta á ekki síst við um uppbyggingu nýrra áfangastaða. Með þessu er hægt að mæta því mikla álagi sem er á mörgum vinsælum ferðamannastöðum og gera þá þannig úr garði að ekki hljóttist af spjöll vegna ágangs.”

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar

